

## Fundargerð

11. stjórnarfundur FHA haldinn 19. apríl 2010 kl. 09:00

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Arnheiður Eypórsdóttir (AE), Erlendur Steinar Friðriksson (ESF), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Kristín Guðmundsdóttir (KG) og Páll Björnsson. Kjartan Ólafsson og Finnur Friðriksson boðuðu forföll. Hjördís Sigursteinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Lagabreytingar

3.gr. laga FHA var skoðuð og borin saman við 3.gr. laga FH. Ekki þykir fýsilegt að svo stöddu að ganga eins langt í breytingum og lög FH gera ráð fyrir. Ákveðið var að ganga út frá fjórum punktum varðandi breytingar á 3. gr. laganna:

- Markmið að hugsa um þá sem eru í félaginu núna
- Atvinnuleysisrá - hafa aðgang
- Lífeyrisþegar – aðgangur
- Þátttaka í tveimur félögum

Helga var falið að heyra í Stefáni framkvæmda stjóra BHM um hvernig þetta væri hjá öðrum félögum.

2. Aðalfundur FHA

Ákveðið var að halda aðalfund FHA 20. maí n.k. kl. 12.00 og bjóða upp á súpu. Jafnframt var ákveðið að senda tölvupóst á félagsmenn og fá tillögur um fólk í stjórn og nefndir á vegum félagsins.

3. Tilnefning í rannsóknamissisnefnd

Ákveðið var að tilnefna Pál Björnsson sem fulltrúa FHA í rannsóknamissisnefnd og jafnframt að fara fram á að hann verði aðalmaður í nefndinni.

4. OBHM

Ákveðið var að auglýsa eftir fulltrúa fyrir FHA í þessa nefnd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15